

**Nr. 140 / 13 Goðafoss*****Skipverji slasast á fæti***

IMO.nr. 9086796  
Smíðaður: Frederikshavn Danmark 1995, stál  
Stærð: 14.664 BT  
Mesta lengd: 165,60 m  
Breidd: 28,60 m Dýpt: 8,95 m  
Vél: MAN B&W 7S60MC 14.800 kW, 1995  
Fjöldi skipverja: 14

**Gögn:**  
Slysaskrá frá skipi  
Gögn RNS



Goðafoss©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 12. september 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, og Hilmar Snorrasynti

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 5. ágúst 2013 var Goðafoss við bryggju í Þórshöfn í Færeyjum.

Skipverjinn var við sjóbúning þegar sjóbúningsþvinga sem hann var að vinna með féll á hægri fót hans með þeim afleiðingum að hann tábrotnaði og marðist á rist.

***Við rannsókn kom fram:***

- að skipverjinn var í öryggisskóm með stáltá en þvingan lenti rétt fyrir innan stálið;
- að skipverjinn hafði verið að koma þvingunni fyrir í gámahorni en ekki nógu örugglega því hún féll niður þegar slaki kom á hana.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.